



Gildi HS Orku eru *framsýni, heiðarleiki og metnaður*.

Hlutverk HS Orku er að þjóna atvinnulífi og heimilum með fjölnýtingu auðlinda á sjálfbæran hátt til virkjunar og sölu á vistvænni orku og öðrum afurðum til ávinnings fyrir viðskiptavinum, samfélagið og fyrirtækið.

Störfum með viðskiptavinum okkar og þeir gefa okkur hæstu einkunn

- HS Orka ástundar heiðarleg samskipti, sveigjanleg, skilvirk og samhæfð vinnubrögð.
- HS Orka fræðir samfélagið um starfsemina og leggur sitt af mörkum til frekari framþróunar við nýtingu auðlinda.
- HS Orka leggur sig fram um gott samstarf við nærumhverfið.
- HS Orka þjónar hagsmunum viðskiptavina og landeigenda með því að skilja þeirra þarfir og koma til móts við þær

Berum virðingu fyrir auðlindum sem okkur er treyst fyrir og nýtum þær á ábyrgan hátt, með rannsóknum og skilvirknu verklagi

- HS Orka leggur áherslu á stöðugar umbætur og áreiðanleika í starfi.
- HS Orka vinnur í fullu samræmi við lög, reglugerðir og aðrar kröfur sem og vottað verklag.
- HS Orka þróar búnað og verklag byggt á skipulögðum rannsóknum, þekkingaröflun og nýsköpun.
- HS Orka leggur ríka áherslu á fyrirbyggjandi og ástandsbundið viðhald til að tryggja öryggi, áreiðanleika og endingu.
- HS Orka nýtir upplýsingatækni með markvissum hætti til hagsbóta fyrir reksturinn.

Höfum á að skipa hæfasta fólkinu og erum eftirsóttasti vinnustaðurinn í starfsgreininni

- HS Orka velur starfsfólk samkvæmt gildum fyrirtækisins.
- HS Orka leggur áherslu á símenntun, stöðuga þjálfun og framúrskarandi aðbúnað.
- HS Orka stuðlar að öryggis- og hollustuvitund starfsmanna sem starfa við fjölpætt og þverfagleg verkefni í viðkvæmu umhverfi.
- HS Orka metur frammistöðu kerfisbundið og veitir starfsmönnum hlutdeild í árangri þegar vel gengur.
- HS Orka býr starfsmönnum öruggan, vistvænan, fjölskylduvænan, frjóan og uppbyggjandi vinnustað.
- HS Orka gerir starfsánægju að sameiginlegu verkefni fyrirtækisins og starfsmanna þess og er í fararbroddi í starfsgreininni.